

F. Búffjánhald

1. Minkabú
2. Refabú
3. Hænsna- og kjúklingabú
4. Svínabú
5. Kanínurækt og kanínuhald
6. Hestahald
7. Dýraspítalar
8. Hunda- og kattageymslur
9. Gæludýraverslanir

G. Starfsemi er snertir vélknúin ökutæki

1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
2. Bifreiða- og vélaverkstæði
3. Smurstöðvar
4. Vöruflutningamiðstöðvar
5. Biðstöðvar leigubifreiða
6. Bið- og endastöðvar strætisvagna

H. Ýmislegt

1. Stórar spennistöðvar
2. Stórar vörugeymslur
3. Líkbrennslur
4. Skotvællir
5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
6. Æfingasvæði slökkviliðs
7. Þvottahús
8. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
9. Endurvinnsla úrgangs
10. Gasbirgðastöðvar
11. Kyndistöðvar

I. Annar sambærilegur rekstur.

11. júlí 1995

Nr. 411

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Minningarsjóð séra Jóns M. Guðjónssonar.**

Í samræmi við við vilja sr. Jóns M. Guðjónssonar, fyrrv. sóknarprests og prófasts á Akranesi, síðast með lögheimili að Laugarbraut 15, Akranesi, stofna undirritaðir sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður sr. Jóns M. Guðjónssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.035.180 sem sundurliðast þannig:

Almenn framlög	kr. 285.180
Börn sr. Jóns M. Guðjónssonar	kr. 250.000
Akraneskaupstaður	kr. 250.000
Sóknarnefnd Akraness	kr. 250.000

Sjóðinn skal ávaxta með sem tryggustum hætti.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. 10% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að frádregnum kostnaði) skal lagt við höfuðstól.

Gjafafé skal ávaxta með sem bestum hætti og er sjóðsstjórn heimilt að ráðstafa því í samræmi við tilgang sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verja tekjum sjóðsins, sbr. þó 3. gr., skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, til að koma á fót listasafni, sem verður staðsett í Byggðasafninu að Görðum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Bæjarstjórinn á Akranesi, forstöðumaður Byggðasafnsins að Görðum, einn fulltrúi niðja séra Jóns M. Guðjónssonar og fulltrúi sóknarnefndar Akraness.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, skipar bæjarstjórn Akraness nýja stjórnarmenn. Stjórnarmaður skal víkja úr stjórn ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað, sem gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Akraneskaupstaðar og birtir með reikningum bæjarins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Með samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 26. apríl 1994, má breyta skipulagsskrá þessari, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Verði sjóður þessi lagður niður, skulu eignir hans renna til Byggðasafns Akraness og nærsveita.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er staðfest af bæjarstjórn Akraness, börnum séra Jóns M. Guðjónssonar og stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita, auk sóknarnefndar Akraness.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.